Reykjavík, 16. nóvember 2026
VEL26100047

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Velferðarráð
Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni: Svar við fyrirspurn fulltrúa Miðflokksins um kostnað Reykjavíkurborgar vegna þjónustu við börn með fjölþættan vanda á tímabilinu 2019-2025

Þann 7. október 2026 lagði fulltrúi Miðflokksins fram í velferðarráði svohljóðandi fyrirspurn:

Reykjavíkurborg hefur um langt árabil veitt börnum (einstaklingum undir 18 ára) viðeigandi velferðarþjónustu sem sveitarfélagið sjálft hefur skilgreint sem börn með fjölþættan vanda. Spurt er um eftirfarandi:

1) *Hversu mörg börn, sem fallið hafa undir skilgreiningu borgarinnar, hafa notið þessarar þjónustu á árunum 2019–2025, sundurliðað eftir ári, upprunalandi (eða fæðingarlandi eftir þeirri flokkun sem stjórnvöld nota), kyni og aldri?*
2) *Hver var heildarkostnaður Reykjavíkurborgar af þessari þjónustu á þessu tímabili, árin 2019-2025, og hver var kostnaðurinn af þeirri þjónustu tímabilið 1. janúar til og með 30. júní 2026?*

Tekið skal fram að fyrirspurnin miðar við skilgreiningu Reykjavíkurborgar á börnum með fjölþættan vanda en ekki hver sú skilgreining er samkvæmt 3. gr. reglugerðar um málsmeðferð vegna vistunar barna með fjölþættar stuðningsþarfir í sérhæfð vistunarúrræði á vegum ríkisins nr. 700/2026.

Svar:

Í töflunum hér fyrir neðan má sjá upplýsingar um kostnað og fjölda þeirra einstaklinga með fjölþættar stuðningsþarfir sem fengið hafa þjónustu á árunum 2018-2025, skipt eftir kyni, ríkisfangi og aldri.

Ár	Samtals kostn.	Kostnaður undir 18 ára	Fjöldi - Alls	Fjöldi undir 18 ára	Þar af fj. ísl. ríkisfang	Þar af fj. erl. ríkisfang	Fjöldi KK	Fjöldi KVK
2018	647	**413**	9	**5**	5	0	4	1
2019	962	**438**	15	**9**	9	0	8	1
2020	1.234	**962**	30	**22**	21	1	20	2
2021	1.213	**1.012**	28	**19**	19	0	18	1
2022	1.467	**923**	27	**17**	17	0	13	4
2023	1.867	**1.382**	34	**20**	20	0	13	7
2024	1.015	**1.493**	30	**18**	18	0	12	6
2025	1.186	**975**	25	**12**	12	0	8	4
	8.945	**7.185**						

** Kostn. m.kr.*
** (Aldur í lok árs)*
** Ríkisfang og kyn: aðeins undir 18 ára við árslok*

Reykjavík

Börn undir 18 ára — aldursskipting 2018–2025

Fjöldi með kostnað á árinu • aldur miðaður við árslok

Aldur	2018	2019	2020	2021	2022	2023	2024	2025
5 ára	0	0	1	0	0	0	0	0
6 ára	0	0	0	1	0	0	0	0
7 ára	0	0	0	0	1	0	0	0
8 ára	0	0	0	0	1	0	0	0
9 ára	0	1	0	0	0	1	0	0
10 ára	0	0	1	0	0	0	1	0
11 ára	0	0	0	1	0	1	0	1
12 ára	0	1	0	1	3	0	1	0
13 ára	0	1	4	0	0	3	0	2
14 ára	1	1	3	3	0	4	2	0
15 ára	0	2	5	2	3	2	7	3
16 ára	1	1	5	5	4	4	1	5
17 ára	3	2	3	6	5	5	6	1
Samtals	**5**	**9**	**22**	**19**	**17**	**20**	**18**	**12**

Heildarkostnaður Reykjavíkurborgar á tímabilinu 2019-2025 var samtals 8,94 ma.kr. Kostnaður fyrstu sex mánuði ársins 2026 er 596 m.kr. í Barnavernd Reykjavíkur og 93 m.kr. fyrir þjónustu barna undir 18 ára án aðkomu barnaverndar. Samtals 689 m.kr. vegna barna undir 18 ára janúar–júní 2026. Gert er ráð fyrir endurgreiðslu frá Barna- og fjölskyldustofu vegna ársins 2026 um 700 m.kr. en sú upphæð hefur ekki verið staðfest.

Þótt formleg skilgreining á hugtakinu börn með fjölþættar stuðningsþarfir hafi ekki legið fyrir í lögum eða reglugerðum á því tímabili sem fyrirspurnin tekur til, hefur í framkvæmd verið nokkuð skýr sameiginlegur skilningur á því hvaða hóp barna er um að ræða. Í samkomulagi milli ríkis og sveitarfélaga vegna barna með fjölþættan vanda frá mars 2025 er hópnum lýst sem börnum með mikla þjónustuþörf og flókinn og samsettan vanda, meðal annars á sviði tauga- og vitsmunaþroska, tengsla, hegðunar og geðheilsu. Einnig geta fallið undir hópinn börn sem þurfa mikla og viðvarandi þriðja stigs þjónustu barnaverndar vegna vanrækslu og/eða ofbeldis.

Í meginatriðum er þetta sami hópur og síðar er skilgreindur í reglugerð nr. 700/2026. Ekki er því um að ræða tvær ólíkar skilgreiningar, annars vegar skilgreiningu Reykjavíkurborgar og hins vegar ríkisins. Reglugerðin felur þó fremur í sér formlega og þrengri afmörkun innan hins stærri hóps barna með fjölþættan vanda. Sú afmörkun tengist breyttri ábyrgðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga og því hvaða börn falla undir ábyrgð ríkisins á sérhæfðri þjónustu og fjármögnun búsetu utan heimilis.

Samkvæmt samkomulagi ríkis og sveitarfélaga tekur ríkið þannig ábyrgð á sérhæfðri þjónustu við þann afmarkaða hóp barna sem býr utan heimilis og hefur verið metinn í þörf fyrir þjónustu á þriðja stigi, en sveitarfélög bera áfram ábyrgð á lögbundinni þjónustu á fyrsta og öðru stigi.

Reglugerðin breytir því ekki í grundvallaratriðum skilningi á því hvað felst í fjölþættum stuðningsþörfum, heldur afmarkar innan þess hóps, þau börn sem glíma við hvað mestan og flóknastan vanda og hafa svo umfangsmiklar stuðningsþarfir að þau þurfa sérhæfða búsetu utan heimilis á ábyrgð ríkisins.

Heimili Reykjavíkurborgar fyrir fötluð börn í Móvaði og Bleikargróf, heyra ekki undir þennan hóp, þrátt fyrir að þurfa á sérhæfðri búsetu utan heimilis halda. Börnin sem þar dvelja eru með alvarlegar fatlanir og langvarandi stuðningsþarfir og er fjármögnun þjónustunnar í gegnum framlög Jöfnunarsjóðs á grundvelli SIS-C mats.